

6.11.2025

23224

Dreifing

Sigurður Stefánsson, Aflvaki

Höfundur

Bryndís Skúladóttir

Afrít:

Andrea Kristinsdóttir, Kópavogsbær

Yfirfarið/Samþykkt

SGT

Tilfni

Áhættumat vegna vatnsverndar fyrir Gunnarshólma og Geirland

Gæði nevsluvatns og niðurstaða áhættumats

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) skilaði Kópavogsbæ minnisblaði vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Gunnarshólma og Geirlandi, dagsett 28. október 2025. HEF fjallar þar m.a. um áhættumat vegna vatnsverndar, unnið af VSÓ Ráðgjöf, dags. 4. desember 2024. VSÓ Ráðgjöf vill koma á framfæri nokkrum mikilvægum atriðum í kjölfar umfjöllunar HEF. Áhættumatið hefur nú verið uppfært með ítarlegri skýringum á mótvægisáðgerðum og afleiðingum þeirra.

1. Hámarksmagn olíu á svæðinu

Í minnisblaði HEF er fjallað um magn olíu sem getur valdið tilteknum áhrifum á brunnsvæði ef það lekur niður á framkvæmdasvæðinu og ekki er gripið til aðgerða. Fjallað er um styrk sem gæti orðið á brunnsvæði ef 4.000 l af olíu leka á skipulags-svæðinu og að þá sé farið yfir lyktarmörk. Í skýrslu Vatnaskila er ítarlega fjallað um hvernig þetta viðmið er fengið eftir ítrekuð varfærin skref við túlkun líkanniðurstaðna. Í anda þessa ferlis er í áhættumatinu gengið enn lengra til að draga fram varfærið mat og miðað við 3.000 l sem magn sem hefði mikil áhrif, ef ekki væri gripið til aðgerða. Byggt á niðurstöðum áhættumatsins voru lagðar til margvíslegar mótvægisáðgerðir og sú mikilvægasta er að takmarka magn olíu sem fer inn á svæðið. Ekki var nefnt ákveðið magn olíu í áhættumatinu en miðað hefur verið við að hámarkið verði 1.000 ltr. af olíu og einstakt vinnutæki 400 ltr. Vegna minnisblaðs HEF hefur áhættumatið verið uppfært samhliða útgáfu þessa minnisblað og ofangreind mótvægisáðgerð orðin hluti af þeim áhættuminnkandi aðgerðum sem lagðar eru til.

Í minnisblaði HEF er vísað til þess að möguleg lykt finnist við 10 µg/L og að farið sé yfir lyktarmörk við 100 µg/L. Rétt er að árétta að lyktarmörk tilgreina við hvaða styrk lykt finnst mögulega og er það við 100 µg/L. Þó er tiltekið að mögulega geti það verið rétt undir þeim styrk. Í töflu 7-2 í áhættumati kemur fram að á styrkbilinu 10-100 µg/L sé „Styrkur olíu í brunni er undir heilsumörkun en ekki útilokað að lykt gæti fundist nær efri mörkum“. Efri mörk miða varfærið við slys þar sem 3.000 l af olíu fara í grunnvatn á skipulags-svæðinu. Ekki finnst lykt við neðri mörkin samkvæmt þeim heimildum sem notaðar eru, sbr. umfjöllun í áhættumatinu. Með því að setja mótvægisáðgerð þar sem hámarksmagn í olíuflutningabíl á svæðinu verði 1.000 lítrar, verður dregið verulega úr þeirri áhættu að styrkur efna á brunnsvæði nálgist lyktarmörk ef óhöpp verða.

Rétt er að nefna að aðrar mikilvægar mótvægisáðgerðir fjalla um aðstæður við áfyllingu olíu og þjónustu við tækin sem verður á steypu plani tengt við olíugildru, daglegt eftirlit verður með tækjum og búnaði og að gripið verði strax til aðgerða ef vart verður við leka svo uppspretta mengunar, mengaður jarðvegur, verði fjarlægður svo lágmarka megi magn mengunar sem gæti borist í grunnvatn. Dregið er þannig enn frekar úr þeirri hættu

að styrkur efna á brunnsvæði hafi áhrif á vatnsveituna. Niðurstaða áhættumats eftir mótvægisáðgerðir er því að áhætta gagnvart vatnsvernd sé metin óveruleg.

Þá er líklegt að listi yfir áhættuminnkandi áðgerðir muni breytast samhliða samráði og samtali við heilbrigðiseftirlit, framkvæmdastjórn vatnsverndarsvæðisins og aðra hagaðila.

2. Flóðahætta

Heilbrigðiseftirlitið fjallar um að flóð verði á fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði og mikilvægi þess að gera áhættumat eða dreifingareikninga fyrir yfirborðsvatn vegna Hólmsár.

Fjallað er um hættu á flóðum og mögulegum afleiðingum þeirra í skýrslu Vatnaskila, sem er viðauki við áhættumatið. Þar eru lagðar fram tillögur að mótvægisáðgerðum sem felast í því að byggðin verði um 50 metra frá bökkum Hólmsár og svæðið nærri ánni verður með þeim hætti að meiri rýmd verður fyrir flóðavatn meðfram farvegi Hólmsár og kemur í veg fyrir að flóðavatn leiki um fyrirhugaða byggð. Þá er gert ráð fyrir að byggður verður svokallaður vistkjallari, þar sem bílastæði og aksturstengingar verða á milli reita. Þar með er dregið verulega úr hættu á að mengandi efni verði á yfirborði svæðisins og geti farið með ofanvatni í Hólmsá. Vísað er til nánari umfjöllunar í skýrslu Vatnaskila um flóðahættu og rennsli Hólmsár þegar mótvægisáðgerðir eru teknar með í reikninginn.

3. Blágrænar ofanvatnslausnir og fráveita

Áhættumat fyrir vatnsvernd er unnið á fyrstu stigum undirbúnings framkvæmda. Fullbúnaar lausnir á fráveitu og meðhöndlun ofanvatns hafa ekki verið lagðar fram að svo stöddu, en munu mótast í kynningarferli skipulags og samráði við hagaðila. Í áhættumatinu eru þó lagðar línur um hvernig áhættuminnkandi áðgerðum verði hagað til að lágmarka áhættu vegna vatnsverndar. Notaðar verða blágrænar ofanvatnslausnir í samspili með staðsetningu frárennslis í steypa stokka og svokallaðan vistkjallara (e. plinth). Í vistkjallara verði fráveitulagnir, auk bílastæða, þjónustu og gönguleiða. Þar verði rýmd til að taka við mögulegum leka sem gæti komið frá fráveitu. Miðað er við að fráveitulagnir verði í steypum stokki að Hólmsheiði, þar sem tenging verður við fráveitukerfi Veitna. Miðað er við að fráveitulagnir verði tvöfaldar til að bregðast við mögulegum bilunum. Að auki þessara áðgerða verður vöktun á þrýstingi lagna til að tryggja skjót viðbrögð vegna mögulegra bilana. Með því að byggja fráveitulagnir í stokki og vakta kerfið með símælingum er dregið verulega úr allri hættu á að fráveituvatn geti borist í jarðveg á svæðinu.